

**REGLUGERÐ
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðíárið 2019/2020.**

I. KAFLI

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer eftir 5. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

II. KAFLI

Heildarafli, ráðstöfun og veiðitímabil.

2. gr.

Leyfilegur heildarafli tilgreindur í lestum í óslægðum botnfishi, íslenskri sumargotssíld og humri er sem hér segir:

Tegund	Leyfilegur heildarafli	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar á grundvelli aflahlutdeilda
1. Porskur	270.011	14.311	255.700
2. Ýsa	40.723	2.158	38.565
3. Ufsi	80.588	4.271	76.317
4. Steinbítur	8.344	442	7.902
5. Gullkarfi	38.896	2.061	36.835
6. Keila	2.906	154	2.752
7. Langa	5.299	281	5.018
8. Djúpkarfi	12.492	662	11.830
9. Litli karfi	697	37	660
10. Grálúða	12.047	638	11.409
11. Sandkoli	399	21	378
12. Skrápflúra	15	1	14
13. Skarkoli	6.985	370	6.615
14. Langlúra	1.067	57	1.010
15. Þykkvalúra/sólkoli	1.341	71	1.270
16. Skötuselur	428	23	405
17. Humar	0	0	0
18. Íslensk sumargotssíld	34.572	1.832	32.740
19. Blálanga	483	26	457
20. Hlíri	375	20	355
21. Gulllax	9.124	484	8.640
22. Úthafsrækja	4.682	248	4.434

Nánari skýringar á ráðstöfun afla sem dregin er frá, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%) er að finna í viðauka.

Aflamark í botnfishi miðast við slægðan fisk með haus nema í gullkarfa, litla karfa, gulllax, og djúpkarfa sem miðast við óslægðan fisk.

Aflamark í uppsjávarfiski miðast við óslægðan fisk.

Veiðitímabil botnfishs er frá og með 1. september 2019 til og með 31. ágúst 2020.

Heimilt er að veiða rækju við Snæfellsnes frá og með 1. maí og til og með 15. mars ár hvert.

3. gr.

Leyfilegur heildarafli tilgreindur í lestum í eftirfarandi tegundum, á viðkomandi tímabilum:

Tegund/Svæði	Lestir	Skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeilda	Veiðitímabil
1. Hörpudiskur	0			
2. Innfjarðarækja:				
Innfjarðarækja skiptist:				
Arnarfjörður				
Breiðafjörður, norðurfirðir				
Eldeyjarsvæði				
Húnaflói				
Ísafjarðardjúp				
Skagafjörður				
Skjálfandaflói				
Öxarfjörður				

Leyfilegur heildarafla í innfjarðarækju er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna og verður ákvörðun um heildarafla innfjarðarækju endurskoðuð að fengnum nýjum tillögum stofnunarinnar.

Veiðitímabil innfjarðarækju er samkvæmt reglugerð um rækjuveiðar innfjarða. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta veiðítíma á ákveðnum veiðisvæðum innfjarðarækju, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna.

III. KAFLI Frádráttur aflaheimilda fyrir úthlutun aflamarks og skiptimarkaður með aflamark.

4. gr.

Fyrir úthlutun aflamarks allra tegunda til einstakra skipa, sem háðar eru takmörkun á leyfilegum heildarafla fiskveiðíarið 2019/2020 skal draga 5,3% frá úthlutun hverrar tegundar, sbr 3., 5. og 6. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006. Skal því ráðstafað samkvæmt 5. mgr. 6. gr., 6. gr. a, 1. og 2. tl. 1. mgr. 10. gr., 10. gr. a og 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

5. gr.

Fiskistofa skal sjá um framkvæmd skipta, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og annast skiptimarkað fyrir aflamark.

Við framkvæmd skiptimarkaðar skal Fiskistofa auglýsa hverju sinni eftir tilboðum í það magn aflamarks sem ráðherra ákveður. Auglýsa skal eftir tilboðum í tiltekið magn aflamarks í einstakri tegund í skiptum fyrir aflamark í einni af eftirfarandi tegundum: Þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa, svo lengi sem aflamark er til ráðstöfunar. Fiskistofa hefur heimild til að binda tilboð við tiltekna tegund til að ná markmiðum 2. ml. 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar. Fiskistofa skal auglýsa eftir tilboðum eigi síðar en 10. hvers mánaðar, frá og með 10. október til og með 10. júlí. Ákveði ráðherra aflamark til úthlutunar á öðrum tíma en 1. september, getur Fiskistofa auglýst eftir tilboðum á öðrum tíma. Tilboð skulu berast Fiskistofu fyrir kl. 16.00 sjö dögum frá birtingu auglýsingar á heimasíðu Fiskistofu. Þegar tilboð berst Fiskistofu er það bindandi fyrir aðila. Þó er aðila heimilt að afturkalla tilboð sitt enda berist afturköllunin Fiskistofu áður en tilboðsfrestur er liðinn. Fiskistofu er einungis heimilt að veita upplýsingar um tilboð eftir að tilboðsfrestur er liðinn og skal þá birta upplýsingarnar á heimasíðu Fiskistofu. Birta skal einungis upplýsingar um samþykkt tilboð.

Fiskistofa ákveður form tilboða. Í tilboði skal útgerðaraðili skips tilgreina magn þeirrar tegundar sem boðið er í og magn þeirrar tegundar sem boðið er í skiptum, svo og önnur atriði sem Fiskistofa ákveður.

Fiskistofa skal samþykka það tilboð sem hæst er. Við mat tilboða skal Fiskistofa, þar sem tilboð geta falið í sér mismunandi tegundir sem endurgjald, miða við meðalverð tegunda í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, undanfarna 30 daga eða eftir atvikum síðasta mánuð sem viðskipti voru með tegund. Ef hæstu tilboð eru jöfn skal magni skipt hlutfallslega á milli tilboðsgjafa. Ef hæsta tilboð er aðeins í hluta þess magns sem í boði er skal það samþykkt. Síðan skal næst hæsta tilboðið samþykkt, þar til því aflamarki sem var í boði hefur verið ráðstafað. Fiskistofa skal hafna

tilboðum í tegund þegar þorskígildi uppboðstegundar Fiskistofu er lægra en 50% þorskígildis skiptitegundar (þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa).

Ef aflamark í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu eða gullkarfa sem látið hefur verið í skiptum, er umfram það aflamark sem innheimta skal, er heimilt að bjóða þær tegundir á skiptimarkaði.

Aflamark sem látið er í skiptum telst ekki flutt af skipi í skilningi 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

IV. KAFLI Úthafsrækjuveiðisvæði.

6. gr.

Til úthafsrækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð um úthafsrækjuveiðisvæði o.fl.

Úthafsrækju sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V og norðan 65°30'N skal skrá sérstaklega. Skip sem stunda veiðar á Dohrnbanka skulu búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um staðsetningu skipsins á klukkustundar fresti, frá því skipið lætur úr höfn og þar til það kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

V. KAFLI Skipting leyfilegs afla.

7. gr.

Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildarafla er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipi milli einstakra skipa í samræmi við aflahlutdeild eða krókaflahlutdeild þeirra í viðkomandi tegund. Úthlutað aflamark/krókaflamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild/krókaflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

VI. KAFLI Krókaflamarksbátar.

8. gr.

Þeir bátar einir geta öðlast veiðileyfi með krókaflamarki sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Óheimilt er að stækka bátana þannig að þeir verði stærri en þessu nemur. Bátum, sem leyfi hafa til veiða með krókaflamarki, skal úthlutað krókaflamarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu, blálöngu, litla karfa og gullkarfa á grundvelli krókaflahlutdeilda þeirra. Um krókaflahlutdeild og krókaflamark gilda sömu reglur um útreikning, nýtingu og framsal og gilda um aflahlutdeild og aflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í lögum eða reglugerð þessari.

Bátum sem leyfi hafa til veiða með krókaflamarki, er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Ráðherra getur veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net. Afli sem fæst við sílikar veiðar reiknast til aflamarks bátsins.

Heimilt er að flytja til krókaflamarksbáts aflamark í öðrum tegundum botnfisks en tilgreindar eru í 1. mgr. þessarar greinar. Einnig er heimilt að flytja aflamark í ufsa og þorski frá krókaflamarksbát til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki, í jófnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í ýsu. Jafnframt er heimilt að flytja aflamark í steinbít frá krókaflamarksbát til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki, í jófnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu og löngu. Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaflamark í, skal skerða aflamark hans í öðrum tegundum, skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og reglum settum samkvæmt þeim ákvæðum. Hverjum báti skal þó heimilt, sbr. 7. gr. laganna, án þess að til skerðingar komi, að veiða allt að 2,0% af heildarafla sínum í kvótabundnum botnfisktegundum, öðrum en þeim sem tilgreindar eru í 1. mgr., þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

VII. KAFLI
Útreikningur aflamarks.
 9. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,90 og löngu og blálöngu með 0,80.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila í magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,84, grálúðu, skarkola, sandkola, skrápflúru, langlúru og þykkvalúru/sólkola með 0,92, steinbíts, keilu og skötusels með 0,90 en löngu og blálöngu með 0,80.

Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

Við umreikning landaðra grásleppuhrogna í heila grásleppu til skráningar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal að frádreginni þyngd íláta miða við margföldunarstuðulinn 3,4.

Grásleppa skal vegin á hafnarvog samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla. Við vigtun grásleppuhrogna skal brúttóvígta aflann og skrá fjölda tunna eða kara. Við ákvörðun magns hrogna til skráningar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal að frádreginni þyngd íláta miða við reiknistuðulinn 0,80.

Þorskur styttri en 50 sm (27 sm hausaður) og ufsi styttri en 50 sm (31 sm hausaður), ýsa styttri en 45 sm (26,5 sm hausuð) og gull- og djúpkarfi styttri en 33 sm teljast að hálfu til aflamarks, enda fari afli undir ádurgreindum staðarmörkum ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Undirmálsafla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni. Þó er heimilt að ákvarða magn undirmáls í gull- og djúpkarfaafla við endurvígutn í vinnsluhúsi. Skal gullkarfa og djúpkarfa sem þannig er flokkaður frá í vinnsluhúsi til ákvörðunar á magni undirmáls, haldið aðgreindum frá öðrum afla. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um afla sem flakaður er um borð í veiðiskipi. Hausaðan fisk skal mæla frá sporðsenda að gotrauf.

Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Pennan afla er eingöngu heimilt að nýta til braðslu.

Heimilt er skipstjóra að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þessi heimild takmarkast við 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla, sem viðkomandi skip veiðir á fiskveiðíárinu og er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega.
- Aflinn sé seldur á upphoði á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla og andvirði hans renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög nr. 37/1992.
- Heimildin skiptist í fjögur þriggja mánaða tímabil á fiskveiðíárinu. Ekki er heimilt að flytja ónýttar heimildir milli tímabilanna. Þó má miða ýsafla sem fæst sem meðafla eða meðafla við grásleppuveiðar, við heimild fiskveiðíársins í heild, enda sé sá afli gerður upp í lok þess.

Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum fisktegundum sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega gilda ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Sé botnfiskafla fluttur óunninn á erlendan markað án þess að hafa verið endanlega vigtaður hér á landi og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal reikna aflann með 5% á lagi.

10. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðíárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 2019 eða síðar til fiskveiðíársins 2019/2020, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðíárs.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðíárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

VIII. KAFLI
Framsal aflamarks og aflahlutdeilda.

11. gr.

Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaflamark verður aðeins flutt til báts, sem hefur veiðileyfi með krókaflamarki og uppfyllir stærðarmörk sem kveðið er á um í 8. gr.

Á hverju fiskveiðíári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns.

Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning.

Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs, sbr. lög nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laga nr. 13/1998, nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

Sá sem tilkynnar um flutning aflamarks skal greiða flutningsgjald fyrir hverja tilkynningu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Þá skal útgerð greiða skv. gjaldskrá Fiskistofu hafi komið til skeytasendingar Fiskistofu til útgerðar og skipstjóra, skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Gjalddagi reiknings er við útgáfu hans og eindagi 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva frekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa sem eru í eigu sama einstaklings eða lögaðila og skal greiða samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðíár. Sækja skal til Fiskistofu um gerð þjónustusamnings um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til. Á umsóknareyðublöðunum skulu koma fram þær upplýsingar sem Fiskistofa telur nauðsynlegar og óskar þær eftir. Verði breytingar á atriðum sem útgerð hefur tilgreint í umsókn sinni skal hlutaðeigandi útgerð tilkynna Fiskistofu skriflega um breytingarnar án tafar.

Útgerð ber alfarið ábyrgð á öllum rafrænum tilkynningum um flutning aflamarks sem framkvæmdar eru samkvæmt þjónustusamningi hennar við Fiskistofu og skal útgerðin tryggja að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir aðgang hennar til að tilkynna Fiskistofu rafrænt um flutning aflamarks. Þjónustusamningur um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks fellur úr gildi verði vanskil á greiðslu gjalds fyrir samninginn og ef hlutaðeigandi útgerð hefur brotið gegn reglum er gilda um flutning aflamarks eða skilyrðum sem sett hafa verið varðandi rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks.

Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðítímabili lýkur.

12. gr.

Flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Beiðni um flutning skal sett fram á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út. Krókaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem hefur veiðileyfi með krókaflamarki og uppfyllir stærðarmörk sem kveðið er á um í 8. gr. Eigandi þess skips, sem aflahlutdeildin er flutt frá, skal undirrita beiðni um flutning og skal undirritun

hans staðfest af tveimur vottum. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila:

- þeirra er þinglýst samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991,
- þeirra, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeilda sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa,
- þinglýst samþykkji þeirra, sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998.

Flutningur aflahlutdeilda öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggar fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Umsóknir um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa ásamt fullnaegjandi fylgigögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en einum mánuði fyrr lok fiskveiðíárs. Berist umsókn innan mánaðar, hefur flutningur aflahlutdeilda ekki áhrif á úthlutun aflamarks komandi fiskveiðíárs.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlöögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema herra hlutfalli af heildaraflahlutdeild en tilgreint er í 13. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeilda og krókaflahlutdeilda milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.

IX. KAFLI Veiðiskylda.

13. gr.

Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðíári af úthlutruðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðíári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips skv. 14. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er halddið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðíárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Hið sama á við þegar skipi er halddið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.

Tefjist skip frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiri háttar bilana eða endurbóta hefur afli þess fiskveiðíárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeilda samkvæmt þessari grein.

X. KAFLI Þorskígildisstuðlar.

14. gr.

Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðíárið 1. september 2019 til 31. ágúst 2020 eru þessir:

Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar	Tegund	Stuðlar
Blálanga	0,65	Kolmunni	0,09	Skarkoli	0,94
Djúpkarfi	0,84	Langa	0,70	Skrápflúra	0,37
Grálúða	2,27	Langlúra	0,59	Skötuselur	1,81
Gullkarfi	0,69	Litli karfi	0,35	Steinbítur	0,59
Gulllax	0,39	Loðna	0,13	Ufsi	0,55
Humar (slitinn)	9,20	Makrill	0,20	Úthafsrækja	1,24
Innfjarðarækja	1,09	Norsk-íslensk síld	0,15	Ýsa	1,00
Íslensk sumargotssíld	0,13	Rækja við Snæfellsnes	1,28	Þorskur	1,00
Keila	0,39	Sandkoli	0,27	Þykvalúra/sólkoli	1,39

Ofangreindir stuðlar gilda við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar og varðandi færslu milli tegunda eftir því sem við á, sbr. 11. og 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

**XI. KAFLI
Ýmis ákvæði.**

15. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta viga afta samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla.

Afta af skrapflúru og sandkola sem fenginn er á því veiðisvæði sem tilgreint er í 4. mgr. 2. gr. skal haldið aðskildum frá öðrum afta af þessum tegundum og hann veginn og skráður sérstaklega.

Skipstjórar fiskiskipa, sem halda til úthafsrækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 6. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur.

Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afti um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfski eða makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni, skv. 5. mgr., enda hafi afti og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

Þegar skip stundar veiðar utan lögsögu Íslands, í fiskveiðilögsögu annars ríkis eða á alþjóðlegu hafsvæði, og um er að ræða veiðar sem grundvallast á samningi sem íslensk stjórnvöld eru ekki aðilar að, skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu mánaðarlega um veiðisvæði, veiðítíma, löndunarhöfn og landaðan afta sundurliðað eftir tegundum.

16. gr.

Útgerðum skipa sem fengið hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afta um borð er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afta til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skytt að halda sérstakar afladagbækur, sbr. reglugerð um afladagbækur.

Kaupendum afta er skytt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttékinn afta í því formi, sem Fiskistofa ákveður, sbr. reglugerð um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla.

17. gr.

Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í frístundum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, enda séu engin veiðarfæri um borð önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og/eða sjóstangir. Óheimilt er að selja aftann eða fénýta á annan hátt.

Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða, skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

18. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti sakamála.

Um áminningar og svíptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Nr. 674

4. júlí 2019

19. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. gr. koma til framkvæmda við gildistöku þessarar reglugerðar, en ákvæði annarra greina 1. september 2019.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. júlí 2019.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Erna Jónsdóttir.

Nr. 674

4. júlí 2019

VIÐAUKI

Ráðstöfun afla sem dreginn er frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 er sem hér segir:

Ráðstöfun í lestum eftir tegundum/ lestir	Skel- og rækju- bætur, skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	Byggðakvóti til fiskiskipa, skv. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	Byggðakvóti Byggðastofn- unar, skv. 10. gr. a. laga nr. 116/2006	Fristunda- veiðar, skv. 5. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006	Strandveiðar, skv. 6. gr. a laga nr. 116/2006	Línuvílnun, skv. 8. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006	Samtals
1. Þorskur	1.519	4.715	4.170	300	10.000	2.000	22.703
2. Ýsa	229	648	629			850	2.356
3. Ufsi	453	1.073	1.244		1.000		3.771
4. Steinbítur	47	146	129			500	822
5. Gullkarfi	219	300	601		100	20	1.239
6. Keila	16	78	45		0	15	154
7. Langa	30	109	82		0	60	281
Samtals:	2.513	7.069	6.899	300	11.100	3.445	31.326

Pörf á tilfærslum eftir tegundum frá skiptimarkaði er sem hér segir:

Tegund/lestir	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Ráðstöfun til aðgerða, skv. 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006	Pörf á tilfærslum eftir tegundum frá skipti- markaði
1. Þorskur	14.311	22.703	8.393
2. Ýsa	2.158	2.356	198
3. Ufsi	4.271	3.771	-500
4. Steinbítur	442	822	380
5. Gullkarfi	2.061	1.239	-822
6. Keila	154	154	0
7. Langa	281	281	0
Samtals:	23.679	31.326	7.648

B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2019